

Samantekt

Fundur Hagsmunaráðs

Fundarstaður: Gylfaflöt 9 og Teams

Dagsetning: 07.10.2024

Fundartími: 13.30 – 16.15

Fundarritari: Stefán Gunnar Thors

Mætt:

	Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
X	Ása Valdís Árnadóttir	Samtök íslenskra sveitarfélaga
X	Arnar Þór Sævarsson	Samtök íslenskra sveitarfélaga
X	Breki Karlsson	Neytendastofa
X	Egill Jóhannsson	Samorka / Orkuframleiðendur
	Finnur Ricart Andrason	Ungir umhverfissinnar
	Gunnar Stefánsson	Háskóli Íslands
	Gunnar Valur Sveinsson (GVS)	Samtök ferðaþjónustunnar
	Helga Jóhannesdóttir	Samorka / dreifiveitur
X	Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir	Samorka / dreifiveitur
	Hildur Hauksdóttir	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
X	Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri
	Jóhann Þór Jónsson	Samtök Iðnaðarins / smærri iðnaður
	Kristín Linda Árnadóttir	Samorka / Orkuframleiðendur
X	Lárus M.K. Ólafsson	Samtök Iðnaðarins / stórnotendur
X	Margrét Ágústa Sigurðardóttir	Bændasamtökin
X	Kristján Þórður Snæbjarnason	ASÍ
X	Auður Alfa Ólafsdóttir	ASÍ
	Ragnar Kristjánsson	Háskólinn í Reykjavík
X	Guðmundur Kristjánsson	Háskólinn í Reykjavík
	Sigríður Dögg Guðmundsdóttir	Íslandsstofa
X	Magnús Halldórsson	Íslandsstofa
	Sigríður Elín Þórðardóttir	Byggðastofnun
X	Kristján Þór Halldórsson	Byggðastofnun
	Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir	Ungir umhverfissinnar
X	Þorgerður María Þorbjarnardóttir	Landvernd
	Rannveig Magnúsdóttir	Landvernd
	Gestir	
X	Guðrún Sævarsdóttir	Háskólinn í Reykjavík
	Frá Landsneti	
X	Einar S. Einarsson (ESE)	Forstöðumaður skrifstofu forstjóra
X	Steinunn Þorsteinsdóttir	Upplýsingafulltrúi
X	Svandís Hlín Karlsdóttir	Framkvæmdastjóri Viðskipta- og kerfispróunar
X	Unnur Helga Kristjánsdóttir	Forstöðumaður verkefnastjórnunar framkvæmda
X	Ari Trausti Guðmundsson (ATG)	Formaður hagsmunaráðs

1. Hagsmunaráð | Setning fundar : Ari Trausti Guðmundsson

Farið yfir sögu hagsmunaráðs og helstu viðfangsefni.

2. Hvað hefur gerst hjá Landsneti og á orkumarkaðinum undanfarið ár : Einar Snorri Einarsson og Unnur Helga Kristjánsdóttir

Einar fór yfir atburði undanfarið ár s.s. rafmagnsleysi, náttúruhamfarir, aðgerðir og lærdóm. Fjallað um orkumarkaðinn og tilkomu Elmu og hlutfall raforkukostnaðs af heildar orkukostnaði.

Umræður

- Rætt um forsendur fyrir útreikningi á orkukostnaði og raforkukostnaði, sem geta verið mismunandi t.d. eftir því hvort raforka er notuð til húshitunar. Á slíkum svæðum er t.d. niðurgreiðsla á flutningi og dreifingu.

Unnur Helga fór yfir framkvæmdir sem eru í gangi og eru á döfinni.

Umræður

- Bent var á að lítið væri af framkvæmdum á suðausturlandi og hvort að gert væri ráð fyrir þeim síðar.
- Spurt var um tengipunkt í Djúpi og stöðuna á undirbúningi fyrir Blöndulínu 3.
 - Það verður tengipunktur í Djúpinu og undirbúningur BL3 gengur ágætlega.
- Umræða var um virkni breytinga á skipulagslögum sem snúa að sérstöku raflínuskipulagi.
- Innviðaráðuneytið hefur enn sem komið er ekki veitt heimildir fyrir raflínuskipulag og því liggur ekki fyrir reynsla af þessum breytingum.

3. Kynning á vinnu starfshóps um orkunýtingu og orkuskipti : Guðrún Sævarsdóttir

Guðrún fór yfir hlutverk starfshópsins og umfang verkefnis, sem tekur m.a. til:

Hlutverks fyrirtækja á raforkumarkaði, stöðu innviða, orkunýtingar, regluumgjarðar um orkumarkað, rafeldsneytismál, áhrif breytilegra orkugjafa á kostnað/orkuverð, orkuskiptaáætlun, vistkerfisnálgun og framvindu við að raungera orkukosti sem eru í nýtingarflokki í rammaáætlun..

Rætt var um tímafrek leyfisveitingaferli, skort á orku, þörf á virkum orkumarkaði til að innleiða vindorku og markaðslausnir fyrir jöfnunarafl.

Greiningin leiðir til þess að þörf er á að styrkja flutningskerfið ef það á að virkja vind og ná orkuskiptum í samræmi við markmið stjórnvalda.

Núverandi framleiðsla er um 20 TWh, en til framleiðslu á rafeldsneyti til að mæta markmiðum stjórnvalda þarf 18 TWh. Niðurstaða greiningar er að það er ólíklegt að Ísland muni þjóna millilandaflugi með rafeldsneyti með vindorku.

Skýrsla starfshóps verður birt fljótlega.

Umræður

- Rætt um það hvort hægt sé að reka vindorkuver sem eyjur fyrir framleiðslu rafeldsneytis og áhrif uppitíma slíkra virkjana á framleiðsluna. Rætt um aflstuðul mismunandi orkukosta.
- Rætt um fjölda vindorkukosta í skoðun og getu til að mæta þeim með orkujöfnun í kerfinu.
- Rætt um mögulegt ofmat í rammaáætlun á uppsettu afli jarðhita. Mögulega eru 200 MW líkleg á næstu tíu árum og 710 MW í vatnsafl.
- Fjallað um mismunandi stöðu ríkja hvað varðar hlutfall frumorku. Á Íslandi er 85% græn orka, 25-30% í Evrópu og 9% í heiminum öllum.
- Rætt um markmið stjórnvalda og Evrópusambandsins varðandi loftslagsmál og kolefnishlutleysi.

- Rætt um möguleika að nýta betur vatnsaflsvirkjunar t.d. með því að dæla vatni aftur í lónin (dæmi frá Noregi).

4. Orkuspa Landsnets | Svandís Hlín Karlsdóttir

Svandís fór yfir orkuspa Landsnets og samráð við gerð hennar við hagaðila. Til viðbótar var unnin greining á þróun orkuskipta í millilandaflugi og siglingum.

Orkuspáin nær til 2050. Varðandi þróun orkuskipta í millilandaflugi var litið til sviðsmynda. Niðurstöður spárinnar eru m.a. að :

Eftirspurn heimila til 2050 eykst um 1 TWh og heildarvöxtur vegna orkuskipta án orkuskipta er 5 TWh.

Greining orkuskipta var skipt í tvo flokka. Annars vegar raforkuþörf vegna orkuskipta á landi og innanlandsflugi og hins vegar millilandaflug. Miðað við spá, þá munu full orkuskipti fólksbíla nást árið 2043. Orkuþörfin fyrir orkuskipti á landi og innanlandsflugi er metin sem 3,5 TWh.

Umræður

- Í kynningarefni Íslandsstofu er lögð áhersla á að kynna markmið Íslands um Carbon neutral og fossil fuel free árið 2040. Er þessi markmið raunhæf? Er verið að teikna upp aðra mynd? Mikilvægt að aðilar gefi skýr og samræmd skilaboð um stöðuna og orkumarkaðinn.
- Mikill áhugi er á að ráðast í framleiðslu á rafeldsneyti á Íslandi. Miðað við það sem hefur borist á borð Landsnets er orkuþörfin fyrir þau verkefni um 5 TWh.
- Mikilvægt að skýra hugtök vel, t.d. hvað er afl og hvað er orka? Mikilvægt að skýra vel út fyrir almenning.
- Framboðsspar eru frekar bjartsýnar. Miðað við eftirspurn er líklegt að það verði skortur á orku til 2028, sem kann að leiða til þess að skerða þurfi forgangsorku.
- Rætt um áhrif ferðamanna á orkuþörf.
-

5. Hagsmunaráð | Skipulag starfsins : Einar Snorri Einarsson

Einar Snorri fór yfir fyrirkomulag samráðs hjá Landsneti. Samráðið er víðtækt og á mismunandi formi. Mikilvægt að endurskoða reglulega fyrirkomulag samráðs. Nú hefur hagsmunaráð verið starfandi í 6 ár og því kjörið að huga að fyrirkomulagi samráðsins.

Fjallað um nokkrar af niðurstöðum úttektar á samráði Landsnets með áherslu á hagsmunaráðið. Þar kom m.a. fram að fundir hagsmunaráðs væru gagnlegir, stundum of mikil upplýsingagjöf og vanti samtal, góð fundarstjórn og auðvelt að óska eftir gögnum. Bent á endurtekningar í á fundum ráðsins. Ánægja með vinnufundi.

Einar kynnti tillögu um verklag ráðsins, fjölda funda (2 á ári + vorfundur Landsnets) og viðfangsefni hvers fundar. Áherslan verði á kerfisáætlun, sem er lögð fram á tveggja ára fresti. Jafnframt að draga saman árangur af samráði. Tillagan snýr að því að skerpa á tilgangi samráðsins, væntingum til þess, hlutverki Landsnets og fulltrúa í ráðinu.

Umræður

- **Fjöldi funda.**
 - Almennt rætt um að tillagan væri góður rammi fyrir hagsmunaráðið og tíðni funda góð. Umræða um að staðfundir leiði til betri umræðna, en gott að geta boðið upp á blandað form. Hins vegar væri nauðsynlegt að hafa staðfund fyrir vinnufundi.
 - Fram kom í umræðu að ef um er að ræða tvo fundi á ári, ætti að stefna að staðfundum. Einnig rætt um að ef ætti að blanda fundum, þá væri það helst kynningarfundurinn á kerfisáætlun sem gæti hentað fyrir fjarfundi. Almennt rætt um að blanda fyrirkomulagi fundanna.
 - Umræða hvort að hætta sé á því að missa tengsl við viðfangsefni ef þar eru bara tveir fundir á ári. Það þarf líka að huga að jafnvægi milli fjölda og lengd fund. Mögulega getur spjallþráður verið ákveðið svar við því.

- **Árangursmælingar.**

Rætt um að þær gætu verið erfiðar. Mun hagsmunaráð koma sér saman um þá vísa sem horft er til við mat á árangri samráðsins.

- **Viðfangsefni funda.**

- Almennt var sátt um upplegg fyrir fundina. Rætt um væntingar Landsnets til ráðsins og hvað það geti gert til að ná árangri.
- Umræða hvort að hagsmunaráðið eigi fyrst og fremst að fjalla um kerfisáætlun eða er áhugi á að útvíkka umfjöllunarefnið t.d. að ræða gjaldskrármál? Umræða var að viðfangsefnin snúi að fleiru en kerfisáætlunum og nýjum framkvæmdum. Það er mikilvægt að hagsmunaráð fylgist með því sem er í gangi hjá Landsneti og þau viðfangsefni sem eru til skoðunar á hverjum tíma. Einnig mikilvægt að ræða tekjuhlið Landsnets og þær takmarkanir sem eru til staðar.
- Rætt um það hvort hagsmunaráðið eigi að beita sér í ákveðnum viðfangsefnum s.s. að senda ályktanir til stjórnvalda.
- Fjallað um að fulltrúar geti verið með kynningar sem snúa að hagsmunum þeirra.
- Almennt: Bent var á ávinning sem hefur skapast fyrir fulltrúa hagsmunaráðs að sækja kynningarfundir á einstökum verkefnum Landsnets. Fylgjast þar með umræðum, áherslum og fyrirkomulagi.

- **Miðlun gagna og upplýsinga.**

- Rætt um hvort að það henti að hagsmunaráð hafi spjallþráð til að miðla upplýsingum og senda fyrirspurnir.

- **Starfsreglur.**

- Rætt um þörf á starfsreglum s.s. um trúnað, deila upplýsingum o.fl.

6. Næstu skref : Ari Trausti Guðmundsson

Stefnt að næsta fundi í desember eða janúar. Viðfangsefni fundar er að fjalla um viðfangsefni kerfisáætlunar og forgangsöröðun ákveðinna viðfangsefna.

Fundi slitið kl. 16:20.